



Breytt skólakerfi

Áherslur, framkvæmd og fúllir pyttir til að forðast

- danska leiðin skoðuð með augum gestsins -



Breytt skólakerfi – hvers vegna ?

- Mat danskra að kominn væri tími á endurskoðun – námskrár í sífelldri endurskoðun
- Breytingar á stjórnsýslunni kalla á breytt fyrirkomulag skólakerfisins
- Alþjóðlegur samanburður á “gæðum” danskra skóla gefur tilefni til breytinga



Mat danskra að kominn væri tími á endurskoðun – námskrár í sífelldri endurskoðun

Í flestum löndum Evrópu er almennt litið svo á að námskrár þurfi sífellt að vera í endurskoðun


Hraði breytinga, ný tækni og ný þekking kalla á breytingar í skólakerfinu

Íhaldssamar skólastofnanir þurfa að venjast því að krafa er um að starfsemi þeirra sé aðlöguð hraðar en áður breyttu umhverfi

Danir eru með allt skólakerfið undir í endurskoðun



Vinnuferlið við endurskoðun í DK





Breytingar á stjórnsýslunni kalla á breytt fyrirkomulag skólakerfisins

Fyrirkomulag fram til ársins 2005

- Grunnskólinn er 9 ár en 60-65% árgangs tekur 10. bekkinn
- Danskir framhaldsskólar samanstanda af nokkrum ólíkum gerðum skóla (GS, HF, HTX og HHX)
- GS er skilgreindur sem 3 ára skóli
- Fram til ársins 2005 sáu sýslurnar (amterne) um rekstur framhaldsskólans og gátu þær og settu mismikið fé í skólana
- Flestir skólanna eru opinberir skólar



Breytingar á stjórnsýslunni kalla á breytt fyrirkomulag skólakerfisins

Fyrirkomulag hins nýja kerfis

- Sýslurnar eru að mestu lagðar niður. Þær fá eingöngu það hlutverk að reka heilbrigðisstofnanir
- Danskir framhaldsskólar eru gerðir að sjálfseignarstofnunum þar sem skólanefndir fá aukið hlutverk
- Menntamálaráðuneytið fær aukið eftirlitshlutverk
- Sérstök stjórnskipuð nefnd hefur það hlutverk að halda utan um innleiðingu nýs kerfis á meðan á breytingunum stendur
- Í janúar 2008 verður tekið upp miðstýrt reiknilíkan sem skammta mun framhaldsskólunum fjármagn



Breytt fyrirkomulag framhaldsskólans

Markmið

- Í 1. málsgrein 2.greinar í nýjum framhaldsskólalögum í DK segir að nám á framhaldsskólastigi eigi að vera heildstætt og því skuli líta heildrænt á hlutverk skólanna.
- Aukin áhersla á fagþekkingu – frá þekkingu til færni
- Aukin áhersla á náttúrufræðigreinar
- Aukinn sveigjanleiki í kerfinu – milli greina og skóla
- Sameiginleg uppbygging en skýrari ásýnd



Breytt fyrirkomulag framhaldsskólans

Markmið

Meiri fagmennska

- Skýrari markmið – og skilgreindur kjarni
- Aukin áhersla á markmið með náminu
 - Aukin áhersla á námsmat
 - Nýtt fyrirkomulag prófa
 - Þátttaka nemenda er meira árangursmiðuð
- Margvíslegri kennsluaðferðir og ný vinnutilhögun
- Samvinna á milli námsgreina
- Aukin áhersla á kjörsviðsbundið nám sem sett er í samfellu (Hálft ár sameiginlegt +2. og 1/2 ár kjörsviðsbundið)



Sameiginlegur almennur hluti námsins

Þema fyrsta hálfu árið:

- Almennur námsundirbúningur
 - Almennur málskilningur
 - Náttúrulæsi



Almennur námsundirbúningur

Leiðir og markmið:

- Miðlægt ákvarðað að 10% af námstímanum skuli notaður í þverfaglegt samstarf – Þingið ákvað þetta!
- Almennur námsundirbúningur
 - Að fá innsýn í námsgreinina, aðferðir hennar og mikilvægustu grunnatriði
 - Að sjá námsgreinina í breiðara samhengi
 - Kynning á starfsaðferðum framhaldsskólans
 - Þróun á breyttu hlutverki nemandans (frá grunnskóla til framhaldsskóla
 - Undirbúningur fyrir val á braut og kjörsviði



Almennur námsundirbúningur frh.

Leiðir og markmið:

- Hæfileiki til þess að tengja námsgreinar
- Hlutverk námsgreinarinnar í sínu flóknasta samhengi
- Úrlausn verkefna við flókin (samsett) vandamál
- Aukið sjálfstæði



Kennslufyrirkomulag (lærerplan)

- Skilgreining á námsgreininni og markmiðum
- Innihald og markmið
 - Fagleg markmið
 - Faglegt innihald
- Framsetning
 - Prinsipp
 - Vinnulag
 - Upplýsingatækni
 - Samvinna við aðrar námsgreinar
- Námsmat
 - Símat
 - Próf
 - Skilgreiningar á kröfum



Kennarateymi

- Kennarateymi fyrir námsgreinar og bekki – allir kennarar eru með!
- Teymi með þverfagleg verkefni;
 - Skrifleg verkefni, námsmat, framvinda, hæfni, prófafyrirkomulag
- Hlutverk stjórnenda með tilliti til kennarateyma
- Ábyrgð rektors er á hinu faglega og niðurstöðum!



Námsáætlun - studieplan

Áætlun er gerð fyrir hvern bekk – skipulag kennslunnar

Áætlun inniheldur allar námsgreinar bekkjar og þverfaglega vinnu einnig

Námsáætlun á að tryggja:

- Samhengi á milli einstakra námsgreina og námsgreinaflokka
- Þróun og breytileika í aðferðum
- Markmið og uppbyggingu hæfni
- Jafna dreifingu vinnuálags

Nota skal upplýsingatækni til að miðla upplýsingum í báðar áttir



Endurskoðunin og áhrif á skipulag skóla

Nýtt hlutverk kennara:

- Aukin samvinna við kennara og stjórnendur
- Skólastrúktúr og skipulag byggir á samvinnu kennarateyma með ábyrgð á lausn verkefna og markmiða
- Aukinn sveigjanleiki við lausnir og útfærslur (IT, fjarnám ofl.)
- Áherslan á sameiginleg og einstaklingsmiðuð markmið en ekki sjálfstæði og verktaka í kennslu



Endurskoðunin og áhrif á skipulag skóla

Nýtt hlutverk stjórnenda:

Minni miðstýring

Flóknara skipulag stjórnunar

Ábyrgð á markmiðssetningu

Skilgreind markmið og mælitæki

Uppbygging á gæðastjórnunarkerfi



Fúllir pyttir að varast!

- Miklar breytingar þurfa tíma í undirbúning
- Ábyrgð þarf að vera vel skilgreind
- Markmið þurfa að vera vel skilgreind
- Mikil miðstýring þegar verið er að taka upp dreifistýringu er ekki gæfuleg
- Breytingar krefjast aukinnar vinnu. Vinna kostar peninga
- Markmið, ábyrgð og tæki til lausna þurfa að fylgjast að